

## Bókadómur:

*Macroeconomic Policy. Iceland in an Era of Global Integration,*

Már Guðmundsson, Tryggvi Þór Herbertsson og Gylfi Zoëga (ritstj.)

Háskólaútgáfan, Reykjavík 2000. ISBN 9979-54-440-6.

Sigurður Snævarr\*

*Reykjavíkurborg*

Staða hagfræði á Íslandi hefur breyst mjög á undanförunum áratugum. Sú var tíð að hagfræðingar voru „reiknimeistarar“ sem gegndu því að meta kostnað ýmissa leiða í stjórn efnahagsmála. Þegar lítið er til baka virðist svo sem íslenskir hagfræðingar hafi næstum tekið undir goðsögnina um að hagfræðin gildi ekki á Íslandi. Umskiptin má einkum rekja til velmenntaðra hagfræðinga sem komu með nýjar hugmyndir að Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands á níunda áratugnum og til stofnunar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Það fór ágætlega vel á því að Seðlabanki Íslands hélt Hagfræðistofnun veislu til að minnst þess að tíu ár voru liðin frá stofnun hennar. Til veisluunnar var boðið heimskunnum erlendum hagfræðingum. Fremstan skal þar nefna prófessor Edmund S. Phelps, sem flutti aðalræðuna. Willem Buiter, Laurence Kotlikoff, Frederic Mishkin og Kenneth Wallis verður einnig að raða ofarlega á heimslistann í hagfræði.

Myndarlegt ráðstefnurit hefur verið gefið út þar sem er að finna alla fyrirlestra sem fluttir voru á ráðstefnunni ásamt umræðum á palli. Ber ritið titilinn *Macroeconomic Policy. Iceland in an Era of Global Integration*. Í bókinni eru 14 greinar, þar af 10 eftir íslenska fræðimenn. Að stórum hluta hafa ritgerðirnar verið birtar áður í

einni eða annarri mynd. Eins og oft verður um ráðstefnur er efnið víðfeðmt og nokkuð sundurlaust. Rauði þráðurinn er auðvitað Ísland, en brennidepillinn á hnattvæðingu og efnahagsstefnu er hins vegar ekki alltaf til staðar.

Í aðalræðu sinni dregur prófessor Phelps upp einfalda en skýra mynd af þróun grundvallaratriða í þjóðhagfræði undanfarna áratugi, eða nánast frá því að hann kom fram með sína miklu bók *Microeconomic Foundations*. Sú bók er ein af þeim hagfræðibókmennta, bæði fyrir sakir efnis og framsetningar. Vandinn sem þá var við að etja var að Philips-kúrfan sem átti áratuginn sjöunda var farin að hegða sér afar sérkennilega. Phelps hafnar tilgátunni um hagsýnisvæntingar (e. rational expectations) og nýklassísku líkönunum. Svar hans hefur legið í því sem hann hefur nefnt „structuralist theory of employment“, þar sem hann kallar til skýringa á atvinnuþróun ýmsa þætti s.s. eignir, framleiðni, kaupgjald og vexti, en þess má geta hér að Gylfi Zoëga hefur verið ötull samstarfsmaður Phelps í þessum rannsóknum um alllangt skeið. Í þessari grein er skoðað að hvaða leyti kenningin megni að skýra þróunina í Bandaríkjunum í lok aldarinnar sem einkenndist af hratt minnkandi atvinnuleysi. Phelps dregur upp útlínur að skýringum þar sem hlutabréfamarkaðurinn er hvati þróunarinnar og tenging við vinnumarkaðinn kemur með Q-hlutfalli Tobins, sem er hlutfall markaðsvirðis fyrirtækis og endurstofnsverðs fastafjármagns þess.

\* Borgarhagfræðingur, Reykjavíkurborg. Ráðhús Reykjavíkur, Þróunar- og fjölskyldusvið, 101 Reykjavík. sigurdur.snaevarr@rhus.rvk.is.

## 1. Gengisstefna

Í framlagi sínu spyr Buitter: Er Ísland hagkvæmt myntsvæði? Eða með öðrum orðum á íslenska krónan rétt á sér eða eiga landsmenn að taka upp mynt annarra ríkja eða ríkjasambanda? Kenningin um hagkvæmasta myntsvæðið (e. optimum currency area) myndar ramma um hina fræðilegu greiningu. Þrátt fyrir það er Buitter ómyrkur í máli um þá kenningu og telur hana vera hvorki meira né minna en „one of the low points of post World War II monetary economics“! Það er athyglisvert að Buitter svarar ekki spurningunni um hvort Ísland sé hagkvæmt myntsvæði, en annars staðar svarar hann því skýrt og skorinort að Bretland sé ekki hagkvæmt myntsvæði, sjá Buitter (2000). Raunar telur Buitter að skipan peningamála á Íslandi eins og hún var er ráðstefnan var haldin - ósjálfstæður seðlabanki með verðstöðugleika að markmiði og fastgengi sem millimarkmið - hafi burði til að ná markmiði sínu að jafnaði. Buitter rökstyður ekki þessa fullyrðingu með öðru en að vísa til nokkurra hagstærða á árunum 1991 til 1998 og bendir jafnframt á að verðstöðugleiki hafi ekki verið á kostnað hagvaxtar né atvinnuleysis. Nákvæmlega sömu setningu er að finna í Buitter (2000) nema að í stað „UK“ stendur „Iceland“. Því miður eru vinnubrögð af þessu tagi orðin algeng hjá þekktum hagfræðingum og má kalla þau anga hnattvæðingarinnar. Að þessari forsendu gefinni telur Buitter að val á milli núverandi fyrirkomulags og inngöngu í EMU felist fyrst og fremst í hvort fyrirkomulagið leiði til minni fráviks frá náttúrulegu atvinnuleysi eða frá framleiðslugetu. Reynsla undanfarinna mánaða sýnir þó að forsenda Buitters heldur ekki og sú skipan peningamála sem við lýði var er ráðstefnan var haldin náði ekki markmiðum sínum. Í niðurstöðum svarar hann ekki frekar þessari spurningu heldur fjallar um hvort Íslendingar geti tekið upp evruna án þess að ganga með formlegum hætti í EMU og þar með ESB. Þessu svarar hann neitandi en í raun er spurningin ekki áhugaverð og hefur fyrir löngu verið svarað áður.

Það er miklu meira kjöt á beininu í grein

seðlabankamannanna Más Guðmundssonar, Þórarins G. Péturssonar og Arnórs Sighvatsssonar, sem leita að hagkvæmstu gengisstefnunni. Rammi þeirrar greinar er enn og aftur kenningin um hagkvæmasta myntsvæðið. Höfundar meta lið fyrir lið hvort íslenskt þjóðarbú uppfylli skilyrðin fyrir því að ábati fasts gengis sé meiri en fórn sveigjanleikans. Í sem stystu máli er niðurstaða þeirra sú að þjóðarbuíð uppfylli ekkert skilyrði kenningarinnar fyrir föstu gengi. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart og hefur raunar komið fram áður, en margt er athyglisvert og vel gert í þessari grein Hins vegar benda þeir á að með þessari niðurstöðu sé sagan þó ekki öll sögð. M.a. gæti aðild að ESB leitt til þess að hagsveiflur á Íslandi verði samhverfari hinni evrópsku sveiflu og þar með væri skilyrði kenningarinnar uppfyllt að þessu leyti. Fyrirfram (ex ante) er skilyrðum ekki fullnægt en eftir á (ex post) kunna þau að halda. Þegar upp er staðið er því ekki hægt að kveða upp Salómonsdom um hvernig hagkvæmast sé að skipa gengismálum.

Framlag hagfræðistofnunarinnar, Sveins Agnarssonar, Axels Hall, Tryggva Þórs Herbertssonar, Sigurðar Ingólfssonar, og Gylfa Magnússonar, til þessarar umræðu er grein sem birst hefur áður um EMU og íslenskan vinnumarkað, sjá Axel Hall o.fl. (1998). Greinin er þrískipt. Fjallar fyrsti hlutinn um val á gengisfyrirkomulagi með viðlíka hætti og grein þeirra seðlabankamanna. Aðferðir og niðurstöður eru svipaðar. Í miðhlutanum er sérstaklega fjallað um vinnumarkaðinn. Þegar gengið er fest að eilífu verður aðlögun vinnumarkaðar að skellum í hagkerfinu enn mikilvægari en þegar fella má gengið. Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur sem kemur ekki hvað síst fram í því að sveiflur í atvinnuleysi hafa verið litlar miðað við hagsveiflur. Sveiflur í raunlaunum er einn þáttur þessa máls en alls ekki sá eini. Með EMU-aðild má ætla að verðbólga verði nær hin sama í öllum aðildarríkjum og breytingar á raunlaunum hér á landi umfram önnur ríki væru þá eingöngu vegna breytinga á nafnlaunum. Sú niðurstaða höfunda að erfitt sé að lækka nafnlaun hér á landi er í sjálfu sér ekki merkileg og

viðlíka niðurstaða blasir við í búskap annarra ríkja. Það er hins vegar alveg ljóst að trúverðug fastgengisstefna eða EMU-aðild myndi gjörbreyta hegðun á vinnumarkaði. Jafnframt þarf að hafa í huga að miklar breytingar hafa orðið á grundvallarþáttum á vinnumarkaði hér á landi á skömmum tíma. Ein sú mikilvægasta er að aðflutningur vinnuafis hefur stórukaist á síðustu 2-3 árum og áætlanir benda til að ársverk útlendinga hafi numið sem svarar um 5% af ársverkum í heild árið 2000 (Þjóðhagsstofnun, 2001). Þá hafa samningar einnig verið að breytast og augljóslega hefur dregið úr miðstýringu þeirra. Við blasir að rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði eru mjög aðkallandi. Í síðasta hlutanum er svo fjallað um reynslu Færeyinga. Það er verulegur fengur að þeim hluta fyrir erlenda fræðimenn.

Þessar þrjár greinar byggjast allar á kenningunni um hagkvæmasta myntsvæði. Kenningin kom fyrst fram árið 1961 (Mundell, 1961). Í aðdraganda stofnunar EMU var rykið dustað af kenningunni, en við blasir að hún er sannarlega barn síns tíma, tíma Philips-kúrfunnar, lítilla fjármagnshreyfinga o.fl. Hér að ofan var vitnað í orð Buiters um kenninguna og í Buiters (2000) bætir hann um betur og gefur kenningunni þessa einkun: „It is out of date, misleading and a dangerous guide to policy“. Hér kemur margt til, en þrennt stendur þó upp úr. Í fyrsta lagi gefur kenningin til kynna að yfirvöld hafi fullkomið vald yfir gengi gjaldmiðla. Þetta er alvarlegur annmarki vegna þess að einmitt spákaupmennska og aðrar breytingar á gengi gjaldmiðla án tengsla við undirliggjandi efnahagsforsendur hafa vegið þungt á metum t.d. hjá Svíum og Finnum sem gengu í EMU. Gengisfall krónunnar á fyrri hluta árs 2001 minnir okkur Íslendinga ennfremur á þessa hættu. Í öðru lagi er kenningin ótímatengd og tekur ekki tillit til væntinga og horfir þar með framhjá því að lítið land með veikan gjaldmiðil neyðist til að hafa hærri vexti en aðildarríki öflugss myntbandalags. Í þriðja lagi er horft framhjá lánahreyfingum og áhrifum á fjármálastöðugleika. Útlán lánastofnana hér á landi eru að stórum hluta fjármögnuð með erlendum lántökum og bein erlend lántaka fyrirtækja er umtalsverð. Loks má nefna

að kenningunni er beitt jafnt á einhliða val lands á gengisstefnu og á spurninguna um inngöngu þess í myntbandalag. Þegar upp er staðið er því athyglisvert hversu skammt hagfræðin er komin í þróun á kenningum um myntbandalög.

## 2. Fjármálastöðugleiki

Fyrirkomulag gengismála hefur ekki aðeins áhrif á verðbólguþröngunni heldur einnig á fjármálastöðugleika, sem seðlabönkum er víða skylt að horfa til. Tengslin eru meðal annars í gegnum vextina. Hávaxtastefna til að verja gengi gjaldmiðils getur hæglega ógnað stöðugleika á fjármálamarkaði og sama má segja um skyndilegar gengislækkunarir. Við val á gengisfyrirkomulagi þarf að huga vel að áhrifum á fjármálastöðugleika. Vart er blöðum um að fletta að fastgengisstefna undanfarinna ára sem varin hefur verið með miklum vaxtamun hefur aukið óstöðugleika lánakerfisins.

Tvær greinar eru um fjármálastöðugleika í ritinu. Hin fyrri, eftir prófessor Mishkin, er afar öflug yfirlitsgrein um fjármálastöðugleika og þjóðarbúið. Útgangspunktur Mishkins er kenningin um ósamhverfar upplýsingar (e. asymmetric information) þar sem annar aðili viðskipta býr yfir mun betri upplýsingum en hinn. Mishkin skilgreinir fjármálaóstöðugleika fremur almennt, sem skelli sem trufla flæði upplýsinga og leiða til þess að fjármálakerfið nær ekki að gegna því hlutverki sínu að færa fjármagn til þeirra sem búa yfir hagkvæmum fjárfestingarkostum sem að sínu leyti dregur úr hagvexti. Mishkin rekur fjögur atriði um fjármálaóstöðugleika sem rekja má til upplýsinga; versnandi efnahag fjármálastofnana, áhrif eignaverðs, aukna óvissu og hækkun vaxta. Síðasta atriðið þótti mér hvað mest spennandi. Hækkun vaxta getur leitt til hrakvals (e. adverse selection) og á endanum til lánsfjárskömmunar. Lántakar sem eru með áhættumestu verkefni eru líklegastir til að vilja taka lán við hærri vöxtum og þar með aukast líkur á áhættusömum lánveitingum. Geti lánveitandinn ekki greint á milli áhættu lántaka, getur hann þurft að draga úr lánveitingum og þannig leiða hærri vextir ekki til betra jafnvægis

á markaði. Til viðbótar hafa vextir áhrif á efnahagsreikninga fyrirtækja og fólks og geta þannig aukið óstöðugleika fjármálakerfis. Á hinn bóginn bendir Mishkin einnig á það hversu mikilvægur almennur verðstöðugleiki er fyrir fjármálastöðugleika, og á það bæði við um almennt verðlag og um eignaverð.

Síðari greinin um fjármálastöðugleika eftir þá Má Guðmundsson og Tryggva Björn Davíðsson fjallar um reynslu Íslendinga af fjármálaóstöðugleika. Greinin er lýsandi og á sennilega einkum erindi til útlendinga. Finna má að þessari grein hversu litlu rými er varið til umfjöllunar um fjármálastöðugleika eftir að frjálslyndari stefna í peningamálum var tekin upp, ekki síst vegna þess að Seðlabankinn hefur sinnt þessu máli í auknum mæli á undanförunum miss-erum. Ég sakna einnig umfjöllunar um gengismálin og tengsl þeirra við stöðugleika í fjármálum.

### 3. Kynslóðareikningar og lífeyrismál

Tvær greinar í ritinu eru um kynslóðareikninga. Sú fyrri er eftir annan aðalhöfund aðferðarinnar Laurence Kotlikoff ásamt með Bernd nokkrum Raffelhüschen<sup>1</sup> og nefnist greinin „Generational Accounting around the Globe“. Þessi grein hefur birst allvíða m.a. í *American Economic Review* 1999. Yfirlit er gefið yfir meginniðurstöður áætlana um kynslóðareikninga í 22 löndum. Flest landanna eiga við ójafnvægi að glíma í kynslóðareikningum á þann veg að skattbyrði ófæddra kynslóða verður þyngri en núlifandi. Í fimm landanna er jafnvægi. Það er athyglisvert hversu fá lönd reka ríkisfjármálastefnu sem er í jafnvægi í þessum skilningi. Ísland er þó eitt af þeim. En það vekur athygli að Ísland er ekki meðal þeirra 22 landa sem eru í samanburðinum. Það stappar nærri ókurteisi við gestgjafa að minnast í engu á niðurstöður í landi hans, ekki síst þegar í ljós kemur að íslensku reikningarnir eru í sjálfu sér athyglisverðir.

Kynslóðareikningar hafa þó verið færðir hér á landi allt frá árinu 1994. Í grein Hauks C. Benediktssonar, Tryggva Þórs Herbertssonar, Gylfa Magnússonar og Mörtu G. Skúladóttur er

fjallað um helstu niðurstöður reikninga fyrir árin 1994-1996. Þar kemur fram að þökkalegt jafnvægi ríkir hér á landi milli skattbyrði núlifandi og óborinna kynslóða. Ástæða er til að gera athugasemd við einn þátt reikninga höfunda, þ.e. lífeyrisgreiðslur. Lífeyriskerfi landsmanna hvílir sem alkunna er á þremur meginstöðum: almannatryggingum, lífeyrissjóðum og frjálsum lífeyristryggingum. Einungis fyrstnefnda stöðin er rekin af hinu opinbera og er þar með færð í kynslóðareikningana. Ekki er hins vegar tekið tillit til þess að aukin lífeyrisréttindi á næstu áratugum muni að óbreyttri stefnu draga umtalsvert úr tekjutengdum lífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Þá er það ekki sannfærandi að nota 6% vexti við íslenska reikninga í stað 5% annars staðar. Þau rök að íslenskt hagkerfi sé meiri áhættu undirorpið en önnur vegna smáðar og einhæfni atvinnulífs hrökkva skammt þegar líta á til næstu eitthundrað ára.

Kynslóðareikningar eru ágæt viðbót við reikningsskil ríkisins. Hugmyndin sprettur fyrst og fremst upp úr óánægju hagfræðinga vestur í Bandaríkjunum með hugtökin tekjur, gjöld og afgangur í ríkisreikningi þar í landi. Hafa verður hér í huga að ýmsir annmarkar í bandarískum ríkisreikningi eru ekki til staðar hér á landi og lífeyrismálum er skipað með allt öðrum hætti hér en þar. Ýmsir annmarkar eru á kynslóðareikningum, einkum þeir þó að tvær forsendur ráða langmestu um niðurstöðuna, hagvöxtur og vextir. Hafa þarf í huga að þessir reikningar eru reiknaðir fram til heillar mannsævi og miklu skiptir hvort hagvöxtur er 1% eða 2% á ári eða hverjir vextir eru. Þá þarf einnig að meta allar eignir hins opinbera og vega þær á móti skuldum. Að teknu tilliti til þessa er ljóst að ýmsar fullyrðingar þeirra er helst hafa mælt með kynslóðareikningum og einkum gagnrýni þeirra á hefðbundna kvarða á reikninga hins opinbera eru vafasamar.

Afgerandi þáttur kynslóðareikninga er fyrirkomulag lífeyristrygginga. Einn þáttur þess er með hvaða hætti hið opinbera tryggir starfsmönnum sínum lífeyri og hvernig það færir þær skuldbindingar til bókar. Tryggvi Þór Herbertsson, Michael J. Orzag og Stefán Svavarsson

fjalla um lífeyrisskuldbindingar í „Reassessing Iceland's Public Sector Pension Liabilities“. Í greininni setja þeir upp lauslegan ramma til að meta lífeyrisskuldbindingar. Einna forvitnilegust er sú niðurstaða þeirra að lífeyrisskuldbinding ríkisins sé fremur van- en ofmetin. Þrjú þættir koma þar við sögu. Athugun höfunda bendir til að launahækkunar opinberra starfsmanna sem eru lengi í starfi séu meiri en hinna og kann því forsenda um meðalhækkun raunlauna að vera of lág. Aukið langlíf leiðir enn fremur til vanmats, en ólífud ævi 65 ára einstaklinga hefur lengst allnokkuð á undanförunum árum og ýmislegt bendir til þess að ólífud ævi muni lengjast enn í framtíðinni. Til vanmats horfir hins vegar að ávöxtun sjóðsins hefur verið umtalsvert meiri en þau 3,5% sem reiknað er með. Þetta er áhugavert efni, en helst til of viðamikilið fyrir stutta grein.

Björn R. Guðmundsson og Gylfi Zoëga fjalla um stefnuna í ríkisfjármálum á Íslandi á árabílinu 1960 til 1998. Fyrst og fremst er viðfangsefni þeirra að hvaða marki ríkisfjármála-stefnunni hafi verið beitt til jöfnunar á hagsveiflu. Til hlítar verður þessari spurningu vart svarað nema með því að setja upp og meta heildstætt líkan. Þeir Björn og Gylfi fara skemmri leið að þessu marki og meta frávik helstu stærða frá leitnigildi og skoða fylgni við hagsveiflu. Þótt aðferðin sé einföld og ekki gallalaus tekst þeim að setja fram þekkilagan pappír með skýrum niðurstöðum. Þær eru að útgjaldastýring hafi verið í takt við hagsveifluna og þannig magnað sveiflur. Hins vegar hafi skattabreytingar gengið gegn hagsveiflunni. Loks er komist að þeirri niðurstöðu að skuldaförnun við útlönd sé ekki að rekja til opinbera geirans heldur til einkageirans. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart, nema niðurstaðan um skattabreytingarnar og reyndar skortir nokkuð á að sannfærandi rökum sé teft fram um þær.

Grein Þorvalds Gylfasonar um hollensku veikina svipar til greinar Björns og Gylfa að því leyti að myndræn framsetning er burðarás hennar. Þetta er efnismikil grein og sú lengsta í bókinni. Hollensku veikinni lýsir Þorvaldur þannig að land sem byggir útflutning á miklum

náttúruauðlindum eigi á hættu að staðna vegna þess að raungengi verði of hátt til að annar útflutningur nái fötfestu. Að auki telur hann að í löndum sem falla í þennan flokk verði almenn fjárfesting of lítil og einnig fjárfesting í menntun. Til að skera úr um hvort Norðurlöndin séu sýkt af veikinni hollensku leggur hann til grundvallar þrjú þætti. Í fyrsta lagi lítur hann til þróunar utanríkisverslunar, í öðru lagi til fjármunamyndunar, bæði erlendra og innlendra, og loks til fjárfestingar í mannaúdi. Niðurstaðan er sú að Danmörk, Svíþjóð og Finnland séu ósýkt. Noregur ber tvö af þremur einkennum, en að því er varðar fjárfestingu í mannaúdi koma Norðmenn vel út. Ísland ber hins vegar öll sjúkdómseinkennin. Þorvaldur reiðir sig mjög á þversniðsgreiningu á miklum fjölda landa (allt upp í 171 land). Aðferðarfræðin hefur miklar takmarkanir, sérstaklega þar sem borin eru saman lönd á mismunandi þróunarstigi og ólík að efnahagslegri uppbyggingu. Ennfremur eru tölfræðileg sambönd sjaldnast sterk. Þorvaldur skrifar afar góðan texta og skiptir litlu hvort um íslensku eða ensku er að ræða. Honum er mikið í mun að sannfæra lesandann og gengur á stundum of langt í þeim efnum.

Það þykir víst ekki góð latína í sagnfræði að spyrja hvað hefði getað gerst. Sagnfræðin lítur til baka á veröldina eins og sagnfræðingurinn telur að hún hafi verið. Ragnar Arnason lítur til baka til íslenska þjóðveldisins (tíma hnattvæðingar!) og spyr hver þróunin hefði orðið ef eignarréttur hefði verið skilgreindur strax í upphafi landnáms. Lítið líkan er sett upp af hagkerfi sem byggist á endurnýjanlegri auðlind og mannfjöldapróun sem byggist á flutningum milli landa. Líkanið er leyst með því að gefa helstu stikum gildi. Án skilgreinds eignarréttar (notkun lands er kostnaðarlaus) fæst mynd af þróun landgæða og fólksfjölda sem líkir eftir því sem gerðist á fyrstu 10 öldum Íslandssögunnar, hrakandi landgæði og fólksfjöldi á bilinu 40-50 þúsund manns og báðar stærðir undirorpnar verulegum sveiflum. Skilgreindur eignarréttur leiðir sem vænta mátti til betri nýtingar landgæða, færri íbúa og hærri tekna á mann. Jafnframt eru sveiflur til muna minni en í hinu

dæminu. Ragnar gengur skemmtilega langt í því að telja líkanið geta skýrt þróun Íslandssögunnar og er afar sannfærður um að gangráður sögunnar sé efnahagur. Þó á hann í erfiðleikum með að finna Sturlungaöldinni stað í líkaninu og viðurkennir að ekki sé með öllu útilokað að aðrir þættir en efnahagur hafa komið þar við sögu!

#### 4. Þjóðhagslíkөн

Grein Kenneth Wallis er nokkurs konar yfirlitsgrein um stöðu og þróun þjóðhagslíkana. Á mektardögum Keynesískrar hagfræði voru stóru líkөнin algerlega byggð á eftirspurnarhlið hagkerfisins og lítill gaumur gefinn að væntingum. Wallis lítur sérstaklega á langtímaeiginleika líkananna og hvernig væntingum eru gerð skil í þeim.

Í síðustu greininni í bókinni, eftir þá Axel Hall og Jón Þór Sturluson, er skoðað að hvaða leyti CGE-líkan Hagfræðistofnunar getur skýrt reynsluna af skattlausu árinu 1987. Hagfræðingum gefst sjaldan tækifæri til tilrauna en skattlausu árið fór þó nálægt því. Seint og um síðir hefur áhugi á þessari tilraun vaknað, sjá Marco Bianchi o.fl. (1999). Í þessari grein er ekki miklu bætt við, tilgangur hennar virðist einkum vera að athuga hvort líkan Hagfræðistofnunar

nái að skýra þróun helstu hagstærða á umræddu ári. Svárið er bæði já og nei. Hagfræðistofnun má óska til hamingju með þetta líkan. Í kynningu ritstjóra er fjallað um stöðu haglíkana á Íslandi og þar haldið fram að líkan Þjóðhagsstofnunar sé „sector based but lacks behavioural relationships“. Hér er réttu máli hallað. Augljóst er að haglíkan án hegðunarsambanda er ekkert annað en bókhaldskerfi og á það við ekkert af þeim líkөнum sem Þjóðhagsstofnun býr yfir.

#### 5. Þegar upp er staðið

Í inngangi benda ritstjórar á að þótt ýmislegt hafi áunnist í rannsóknum í hagfræði á Íslandi að undanförmu er þekking á ýmsum mikilvægum þáttum gloppótt. Ritstjórar setja fram þá von að með bókinni sé stagað í sumar þessara gloppa. Þegar til þess er horft að næstum allar greinarnar hafa birst áður er vandséð hvort sú von ræstist. Þessi bók á fremur erindi til erlendra lesenda en innlendra. Í ritinu eru lögð fram ýmis athyglisverð viðfangsefni sem upp koma við greiningu á íslenskum þjóðarbúskap og erindi eiga við erlendra hagfræðinga. Að bókinni er staðið af myndarskap, umgjörð er öll hin besta, prentvillur fáar og undantekningarlítið er enskur texti íslenskra greina hnökralaus.

### Heimildaskrá

- Axel Hall, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoëga, Sigurður Ingólfsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson (1998). Áhrif EMU á íslenskan vinnumarkað. *Fjármálatíðindi*, 45, 29-52.
- Bianchi, M., Björn R. Guðmundsson og Gylfi Zoëga (1999). Iceland's natural experiment in supply-side economics. IoES Working Paper, W99:05.
- Buiter, W. H., (2000). Optimal currency areas: Why does the exchange rate matter? With an application to UK membership in EMU. *Scottish Journal of Political Economy*, 47, 213-250.
- Kotlikoff, L., og Raffelhüschen, B. (1999). Generational accounting around the globe. *American Economic Review*, 89, 161-166.
- Mundell, R. A., (1961). A theory of optimum currency areas. *American Economic Review*, 51, 657-665.
- Phelps, E. S., (1970). *Microeconomic Foundations of Employment and Inflation Theory*. New York: Norton.
- Þjóðhagsstofnun (2001). Þjóðarbúskapurinn - Framvindan 2000 og horfur 2001. *Þjóðarbúskapurinn*, nr. 27. Reykjavík mars 2001.